



Fundur í skólaráði Grunnskóla Borgarfjarðrar haldinn á Varmalandi og á Teams 6.nóvember 2023.

Mætt:

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir aðstoðarskólastjóri

Fulltrúar foreldra : Arnaldur Jón Gunnarsson og Jónína Svavarsdóttir. Erna Guðný Jónsdóttir kom ekki
Fulltrúar kennara og starfsmanna: Anna Sigríður Hauksdóttir matráður, Elísabet Halldórsdóttir og Lára K
Gísladóttir kennarar.

Fulltrúi nemenda: Sesselja Narfadóttir, Jón Bjarni Guðmundsson kom ekki.

Ingibjörg setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna og það þá að kynna sig en 3 nýir aðilar sátu fundinn.

Síðan var gengið til dagskrár:

1. Farið yfir hlutverk skólaráðs og reglugerð lesin og kynnt.
2. Farið yfir upphaf skólaársins og hvernig starfð gengur. Ingibjörg greindi frá mannabreytingum í stjórnendateyminu í haust og hvernig það var leyst og að verið sé að vinna að lausnum. Að öðru leyti hefur starfið farið vel af stað .
3. Starfsáætlun lögð fram til kynningar og afgreiðslu. Vinna við starfsáætlun er á lokametrinum og mun birtast á heimasíðu skólans fljótlega. Gerð var athugasemd um nokkur atriði í áætluninni sem verða lagfærð en einnig kom fram að gott væri að hafa skýra áætlun um hvernig samstarf á milli deilda er háttað. Starfsáætlunin samþykkt með þessum athugasemdum. Ársskýrsla síðasta árs og sjálfsmatsskýrsla var sendar með fundarboðinu og engar athugasemdir gerðar.
4. Önnur mál
 - a. Arnoddur greindi frá vinnu starfshóps sem er að störfum vegna óvissu um framtíð Varmalandsdeildar.
 - b. Spurt um tímasetningar á framkvæmdum vegna nýbyggingar á Kleppjárnreykjum. Ekki komin tímasetning en Ingibjörg hefur fengið þau svör að ekki verði byrjað að rífa byggingar fyrir en í mars/apríl.
 - c. Umræður um skólamál almennt og þá óvissu sem getur skapast þegar ekki er gefin út stefna um hvernig yfirvöld sjá fyrir sér framtíðarskipan skólamála.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 17:25

Fundargerð ritaði Ingibjörg Adda